



Ísafirði

Árskýrsla starfsárið

1. september 2017 – 30. júní 2018



Efnisyfirlit

1.Inngangur.....	4
2.Skólahald.....	4
3.Niðurstöður – hvernig tókst til að vinna með markmiðin.....	8
4.Niðurstöður- hvernig tókst til að vinna eftir starfsáætlun.....	9
5.Fjöldi barna og deilda.....	10
6.Fjöldi kennara, stöðugildi,forföll.....	10
7.Upplýsingar um keypta þjónustu.....	11
8.Upplýsingar um sjálfsmat.....	12
9.Upplýsingar um nauðsynlegar breytingar á húsnæði,lóð.....	12
10.Upplýsingar um stórar fjárfestingar.....	13
11.Samstarf við aðrar stofnanir.....	14
12.Viðhald, breytingar og fjárfestingar.....	14
13.Hvernig tókst að halda í fjárhagsáætlun.....	14
14.Lokaorð.....	14



1. Inngangur

Í þessari skýrslu er farið yfir það helsta sem var á döfni í leikskólanum Sólborg skólaárið 2017–2018, hvernig gekk að fylgja áætlunum og markmiðum eftir.

2. Skólahald

Skólaárið og skólahald gekk vel **eftir atvikum**. **Það sem setti strik í reikninginn** skólaárið 2017-2018 voru langtíma veikindi starfsmanna og erfiðleikar við að fá fólk í afleysingar vegna þess, auk þess sem fækkað var um **75% stöðugildi**. **Allt starfsfólk lagði hart harðara að sér** og stóð sig mjög vel í að láta samt hlutina ganga upp. **Það** á mikið hrós skilið fyrir eljusemi og dugnað. Að vinna við lagvarðandi undirmönnun skapar mikið álag á alla og er ekki boðlegt. Ljóst er að skoða þarf betur hvað hægt er að gera til að bæta starfsaðstæður í leikskólanum og er sú vinna komin í gang með nýju leikskólalíkani sem er í vinnslu.

!!!!

(Þetta sem er hér að neðan má í sjálfu sér alveg vera að mínu mati, en þá finnst mér að það verði að vera eitthvað frá Sólborg Torfnesi líka og fylgja tímabilum á skólaárinu aðeins eins meira...! En þetta er erfitt þar sem maður má ekki heldur vera langorður...!)

Aðlögun nýrra nemenda byrjaði 15.ágúst bæði á Torfnესinu og á 5 ára deildinni Tanga. Hún gekk vel, nýir nemendur voru fljótir að finna til öryggis og samlagast hópnum. Í vetur voru 50 nemendur á Tanga og deildin fullnýtt.

Nemendur á Tanga sungu nokkur lög í Neista í hádeginu miðvikudaginn í skíðavíkunni!!!! og opnuðu þar með myndlistar-sýningu leikskólans sem var vítt og breitt um bæinn, á verkum barnanna út frá þema vetrarins um umhverfið, og setti hún svip á bæinn um páskahátíðina. Vor- og sumarönn fóru í ýmsar ferðir um nærumhverfið, undirbúning fyrir sumarlokun og að taka á móti nýjum nemendum að loknum leyfi.

Leikskólinn lokaði í þrjár vikur vegna sumarleyfa. Foreldrar völdu síðan viku fyrir eða eftir sumarlokun þannig að öll börn tóku fjórar vikur samfelldar í sumarleyfi. Starfsfólk raðaðist svo



eftir bestu getu eftir leyfi barnanna, en það fór þó svo að það gekk ekki alltaf eftir þar sem þeir voru líka með sínar óskir miðaðar út frá sinni fjölskyldu.

Á Tanga voru flestir nemendur fram að sumarleyfi leikskólans. Nokkur hættu fyrr og einnig fækkaði um nokkur þegar leið á sumarið sem ekki var vitað um fyrir.

Leikskólinn hefur verið með fastar hefðir í skólahaldinu – þær voru eftirfarandi:

- Á föstudögum er skipulagðar gleðistundir í leikskólanum. Nemendur og kennarar koma þá saman og njóta ýmiskonar uppákoma eins og t.d. lestur, framsögn, söng eða stuttur leikþáttur bæði frá nemendum og kennurum. Deildarnar og stjórnendur skiptast á að stjórna gleðistundum. Á Tanga eru fjörugir föstudagar þar sem alls kyns fjör er í boði s.s. dansiball. Síðasta föstudag í hverjum mánuð er haldið upp á veisla fyrir þau sem eiga afmæli þann mánuðinn.
- Á Tanga eru alltaf morgunfundir alla daga þar sem farið er yfir það sem er framundan, málefni rædd sem upp koma hverju sinni.
- 5 ára nemendur á Tanga fara til skiptis sitt hvora vikuna í íþróttahúsið við Austurveg og í jóga í salnum á Tanga.
- 5 ára nemendur fara í Tónlistarskólann 2x í viku, átta vikur í senn á haust- og vorönn.
- Haldið var upp á evrópska tungumáladaginn með samveru allra barna þar sem sungin voru lög á nokkrum tungumálum.
- 10. október var náttfataball.
- 26. október var foreldrakaffi .
- 16. nóvember var haldið upp á dag ísl.tungu.
- 24. nóvember var smekklausi dagurinn hjá kennurum skólans þ.e. kennarar mæta í „hallærislegum“ fötum í skólann og veitt eru sérstök verðlaun.
- Frá miðjum desember er sokkastund sem er jólahefð í leikskólanum. Þá er kíkt í sokk sem jólasveininn kom með kvöldið áður og lesið þau skilaboð sem leynist í sokknum eins og t.d. óskalög jólasveinsins, sögur af jólasveinunum og fjölskyldu þeirra.



Deildirnar skiptast á að skipuleggja þessar stundir. Reynt er að hafa sokkastundirnar jafn margar og jólasveinarnir eru.

- 14. desember var jólastund Sólborgar. Sögð var jólasaga og jólasveinar komu í heimsókn, og boðið var upp á jólamat.
- 19. janúar var haldið Þorrablót.
- 1. Febrúar var haldið upp á 20. ára afmæli Sólborgar með veglegri veislu milli 15.00 - 15.00 fyrir nemendur, foreldra, kennara og aðra gesti.
- 6. febrúar var haldið upp á dag leikskólans sem er 6. febrúar ár hvert. Nemendur fóru í litlum hópum á Eyri, Hlíf og í fyrirtæki og tóku lagið.
- 12. febrúar var maskaball og boðið upp á bolludagsbollur, auk þess sem kötturinn var sleginn úr tunnunni.
- 28. mars sungu nemendur á Tanga í Neista og opnuðu þar með Lista-sýningu leikskólans.
- 24. maí kl. 9.00 voru elstu börnin útskrifuð frá 5 ára deildinni Tanga. Útskriftin fór fram í Hömrum og heppnaðist í alla staði mjög vel.
- 8. júní var listasýning leikskólanna í Ísafjarðarbæ, í Stjórnsýsluhúsinu.
- 13. júní var íþróttahátíð leikskólanna í Ísafjarðarbæ og Bolungarvík. Hún var í ár haldin á Ísafirði og sá leikskólinn Sólborg um allt skipulag. Hún gekk mjög vel í alla staði.
- 15. Júní. Leikskólarnir hér á eyrinni komu saman við kirkjuna og fóru saman í skruðgöngu með fána, kórónur og við trommuslátt, í lögreglufylgd niður á silfurtorg þar sungið var um sólina, sumarið og 17. Júní. Þessi hefð er mjög skemmtileg og gerir sterkan svip á bæinn. Við tengjum þetta bæði sumarkomunni og einnig þjóðhátíðardeginum okkar.
- 20. júní fóru elstu nemendur á Torfnesi í sína ævintýraferð sem heppnaðist vel og þurftu þau að leysa hinar ýmsu þrautir til að geta útskrifast og byrjað á Tanga.
- 21. júní fóru nemendur og kennarar á Tanga í sumarferð. Þau byrjuðu á að labba upp í Naustahvilft og síðan í Raggagarð þar sem var leikið og grillað.



- 27. júní fóru elstu nemendur á Tanga í sína útskriftarferð. Þau fóru í ratleik um bæinn og þurftu að leysa alls kyns þrautir.
- 29. Júní var nemendum á Tanga boði í skemmtiferðaskipið Ainda Luna. Þau skoðuð allt skipið og boðið var upp á veitingar. Börnin voru alsæl með þessa miklu upplifun.
- 4. júlí var sumargleði leikskólans. Boðið var upp á lambalæri, lóðin skreytt, tónlist spiluð og farið í ýmsa leiki á lóðinni.

3. Niðurstöður – hvernig tókst til að vinna með starfsmarkmiðin

Það gekk eftir atvikum vel að vinna út frá þemanu okkar um umhverfið, sem varð minna en upphaflega var lagt upp með. Það endaði þó vel með vel heppnaðri sýningu, sem er liður í starfsmarkmiðunum okkar að kynna starf leikskólans á jákvæðan hátt, vítt og breitt um bæinn á Skíðavíku Ísafjarðarbæjar um páskana.

Meiri hluti kennara og starfslíð skólans fóru í vel heppnaða námsferð til Akureyrar þar sem fjórir leikskólar voru skoðaðir einnig sóttum við fræðslu frá HA og skólaskrifstofu Akureyrarbæjar. Í framhaldinu fór allt starflið skólans yfir hvað við getum lært af ferðinni og hvort og hvað við gætum tileinkað okkur. Í haust 2018 er síðan fyrirhugað námskeið um jákvæðan aga sem við einmitt fengum kynningu á, sem kveikti áhuga okkar á að fræðast um og tileinka okkur.

Leshópar hittust þvert á deildar. Tilgangur þeirra er að farið yfir það sem verið er að gera í Reggio-starfinu, hvernig það gengur og hvert er stefnt. Þessir fundir eru bæði fræðandi, gefandi og skemmtilegir. Ein eru leshóparnir leið til að starfsfólkið fái vetfang til að ræða um starfið sitt á gagnrýnin og uppbyggilegan hátt. Í leikskólanum erum við einnig með Læsissteymi sem fundaði reglulega, þessi hópur sér um og halda læsisstefnu Ísafjarðarbæjar á lofti í leikskólanum. Hópurinn fór yfir hvað er verið að gera á hverri deild, hann heimsótti tvo leikskóla, Eyrarskjól og Gláðheima í Bolungarvík og kynntu sér starfið þar. Ætlunin er að hóparnir miðli síðan til okkar hinna. Þetta var mjög áhugaverð og góð vinna sem fór af stað, þó svo að vinnan hafi verið stopult vegna manneklu og erfitt að hafa hana markvissa er markmiði þó að haldið henni áfram á næsta skólaári

Tveggja manna umhverfisteymi var stofnað til að fara yfir hvað við getum gert til að bæta og eflt nánasta umhverfið okkar, í um utan um leikskólann, varðandi flokkun á rusli og umgengni.



Einnig að koma með tillögur til að því hvernig við getum tengt það almennt við viðfangsefni okkar um umhverfismál .

Heilsuteymið hittist til að fara betur yfir hvað við erum að gera og hvað við getum gert betur sem heilsueflandi leikskóli. Áfram var unnið í að styrkja starfsmannahópinn m.a. með fræðslu um vellíðan, gönguferðir og jóga eftir vinnu.

4. Niðurstöður- hvernig tókst til að vinna eftir starfsáætlun

Í leikskólanum Sólborg starfar einstaklega jákvætt og gott starfsfólk sem vinnur vel, **er tilbúið að veða og meta starf skólans og hvað má gera betur.** Það sem hafði áhrif á starfið okkar í vetur voru langtíma veikindi starfsmanna og álag vegna undirmönnunar sem þarf að fyrirbyggja að komi upp aftur og er sú vinna komin í gang.

Sólborg hefur stækkað mikið sem vinnustaður með starfsstöð á tveimur stöðum. Halda þarf vel utan um allan starfsmannahópinn og tryggja að allir fái upplýsingar og fræðslu tengda starfinu. Það er verkefni sem alltaf þarf að passa vel upp á.

Nemendahópurinn er ólíkur hverju sinni og því miður er það að færast í vöxt að ung börn eru að glíma við alls kyns erfiðleika í uppvexti sínum s.s. tengd frávikum í þroska og hegðun. Þá skiptir miklu máli að allir sem tengjast barninu vinni vel saman og starfsfólk fái stuðning og fræðslu til að takast á við ólík verkefni hverju sinni.

Við í samfélagi margbreytileikans sem við fögnum sérstaklega, en þurfum að vanda okkur betur í að taka á móti börnum sem hingað koma og eru ekki talandi á íslensku og oft lítið á sínu móðurmáli einnig. Til þess að mæta þessum fjölbreytileika í leikskólanum þarf aukinn stuðning fyrir nemendur sem nú er unnið út frá með nýju leikskólalíkani.

5. Fjöldi barna og deilda

Á Sólborg eru fimm deildir. Á tveimur yngri deildunum Bót og Dokku er pláss fyrir 12-14 nemendur, fer eftir aldri og samsetningu hópsins. Í vetur voru 16 nemendur fædd 2016 og 2017 á Bót um tíma, þar sem það vantaði pláss og fékkst inn stöðugildi til að mæta því. Það er



Þó mat okkar eftir þá reynslu að þetta var of stór hópur 1. árs barna á deild sem þurfa mikla ást og umönnun.

Á Dokku voru 15 nemendur í árgangi 2016.

Á Naust og Króki er pláss fyrir 20 til 24 nemendur, fer eftir aldri og samsetningu hópsins..

Á Nausti voru í vetur 21 nemandi, 5 í árgangi 2013 og 16 í árgangi 2014.

Á Króki voru Samtals 17 nemendur, 10 í árgangi 2014 og 7 í árgangi 2015.

Á 5 ára deildinni Tanga er pláss fyrir 50 nemendur. Þar voru 50 nemendur sl. skólaár.

6. Fjöldi kennara, stöðugildi, forföll

1. júní 2018 störfuðu alls 37 starfsmenn við leikskólann í 26.63 stöðugildum. Í þessum hóp eru þrjár sem starfa við ræstingu sem er ekki inn í stöðugildunum. Einnig eru tveir starfsmenn sem eru með samning í gegnum Sjúkratryggingar Íslands og þrjár sem eru í langtíma veikindum.

7. Upplýsingar um keypta þjónustu

Keyptur var matur frá mótuneyti grunnskólans á Ísafirði fyrir nemendur á Tanga þegar skólinn er opinn. Í jóla-, páska- og sumarleyfi eldaði matráður Sólborgar fyrir 5 ára deildina.

14-17. ágúst sl. eldaði matráður Sólborgar bæði fyrir Tanga og fyrir Dægradvöl, auk Sólborgar á Torfnesi.

8. Upplýsingar um sjálfsmat

Deildarstjórar, sérkennslustjóri og aðstoðarleikskólastjóri gerðu skýrslu um starfið fyrir hvern mánuð fyrir sig og skiluðu inn til leikskólastjóra í júní.

Foreldrar og allt starfsfólk svara könnun sem kemur frá Skólapúlsinum annað hvert ár. Niðurstöður foreldrakönnunar 2018 voru skoðaðar og ræddar á deildarstjórafundi og á deildarfundum viðkomandi deilda. Ísafjarðarbær leggur spurningarkönnun fyrir sitt starfsfólk annað hvert ár og eru niðurstöður kynntar og gerð umbótaáætlun. Sú könnun var ekki í ár



heldur starfsmannakönnun skólapúlsins. Farið var í þær niðurstöður og málum komið á framfæri eftir því sem við átti.

9. Upplýsingar um nauðsynlegar breytingar á húsnæði, lóð.

Eins og fram hefur komið í fyrri ársskýrslum þarf að fá nýjan upphitaðan kofa/skúr á lóðina fyrir útileikföng sem er í réttri hæð fyrir kennara. Þá þarf áfram að huga að aðkomu við skólann til að bæta öryggi barna. Einnig þyrfti að skoða með skjól fyrir kerrur og þotur sem foreldrar þurfa að geyma hér úti þar sem ekki er pláss fyrir það inni, sérstaklega í ljósi þess að við erum nú að taka inn fleiri yngri börn með tilkomu Tanga. Þá þarf að færa og/eða breyta aðkomunni að stiga upp á loft því hann er á leiksvæði barnanna. Yfirfæra þarf leiktæki og öryggisvarnir á lóð. Einnig þarf að betrubæta og lagfæra öryggismottur í kringum kastalann. Athuga þarf með dren á lóðinni, sérstaklega þar sem gamla tónlistaskólaláttan er. Hæðarpunktur á ristum á frárennslis-rörum/ræsum standa upp úr þannig að vatn rennur ekki niður um þau, einnig eru frárennslisrör/ræsi í jörðu meira og minna stífluð. Fara þarf yfir útihurðir og viðarverja, þetta. Einnig þarf að slípa og lakka bekki og glugga inni á deildum, skipta um dúka á eldri deildunum. Skoða þarf með þakglugga þar sem starfsmannaaðstaðan er uppi á lofti til að fá meiri birtu og betri loftræstingu. Bæta þarf um betur með meiri hljóðvist t.d. með vegg á milli yngri og eldri deildana og í vinnurými kennara uppi á lofti. Laga þarf og mála í eldhúsi þar sem skipt var um gólfdukk og fyrir framan deildar þar sem færa þurfti hljóðplötur.

Þegar það eru fundir s.s. deildar- og/eða deildarstjórafundir og eða sérfræðingar að koma vegna einstakra barna, þegar það eru foreldrasamtöl þá vantar fundarherbergi. Til að mæta þessu hefur leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri þurft að lána vinnuaðstöðuna sína. Þá þarf sal við leikskólann til að geta verið öll saman þegar það eru sérstakar upptökur, og til vera með hreyfistundir og jóga í.

Arkitekt skólans var fenginn í vinnu til að hanna sumt af því sem fram hefur komið hér að ofan og er nú í vinnslu að fara í einhverjar framkvæmdir því tengdar sumar/haust 2018.

10. Upplýsingar um stórar fjárfestingar



Byggja þarf við leikskólann svo möguleiki sé á fundaraðstöðu og vinnuaðstöðu fyrir aðstoðarleikskólastjóra (en núna deila þeir saman litlu herbergi þar sem einnig fer fram sérkennsla). Þá þarf sal sem hægt að nýta fyrir hreyfingu og jóga og þegar eru stærri uppákomur eru og fyrir starfsmannafundir. Einnig vantar geymslu fyrir vagna og kerrur.

Mála þarf deildar og laga eftir hljóðplötur sem voru færðar. Koma þarf upp veggjum til að bæta hljóðvist. Mikill hávaði er erfiður fyrir alla og heilsuspillandi.

Uppþvottavélin í eldhúsinu er kominn til ára sinna og þarf mikið viðhald og fer að líða að því að þörf verði á nýrri. Það sama með segja um þurrkarann í þvottahúsinu.

11. Samstarf við aðrar stofnanir

Við höfum átt gott samstarf við Grunnskólann, Tónlistarskólann, bókasafnið, íþróttahúsið auk annarra þjónustustofnana á Ísafirði. Það hefur verið gott samstarf á milli leikskólanna í Ísafjarðarbæ og í Bolungarvík.

12. Viðhald, breytingar og fjárfestingar

Það hefur lítið verið um framkvæmdir nema þá viðhald á kostnað leikskólans. Enn á eftir að lagfæra ýmislegt sem málari átti að sjá um en hefur ekki enn komist í framkvæmd en því verður áfram fylgt eftir.

Til stendur að færa frystir inn í matargeymslubúrið. Þannig skapast betra pláss til að geyma kerrur ungra barna sem þurfa að sofa úti. Einnig verða hurðarhúnar á yngri deildunum færðir upp. Annað er ekki vitað varðandi framkvæmdir sumar/haust 2018.

13. Hvernig tókst að halda í fjárhagsáætlun

Það tókst ágætlega. Það þarf að sækja um fjármagn í veikindapott vegna langtíma veikinda starfsmanna, en um tíma voru fimm starfsmenn í langtímaveikindum.

Það er stundum erfitt að áætla einstaka liði því ef hlutir taka upp á því að bila getur verið mjög dýrt að gera við þá því öll útseld vinna er mjög dýr. Það að hafa ekki aðgang að húsverði þýðir



meiri kostnaður við hin ýmsu viðhaldsverk. Þá er mjög kostnaðarsamt að skipta um perur því það er svo hátt til lofts og þörf á iðnaðarmanni í verkið.

14. Lokaorð

Hlutverk stjórnanda í leikskóla er mjög fjölbreytt og krefst þess að viðkomandi geti tekið á öllum þeim málum sem upp koma sem lúta að kennurum, nemendum og foreldrum þeirra, samstarfsaðilum og rekstri skólans. Það að vera stjórnandi á tveimur starfsstöðvum kallar á breytta starfshætti og er vissulega meira krefjandi, en jafnframt skemmtilegt og ögrandi.

Veturinn í vetur var mjög erfiður og mikil álag hefur verið á öllum starfsmönnum leikskólans sökum manneklu og langvarandi veikinda. Þrátt fyrir það tókst nokkuð vel að fylgja því eftir og framkvæma það sem lagt var upp með, enda mikill metnaður í gangi meðal starfsmanna að sinna starfi sínu vel og vera skólanum til sóma, ber að þakka það sérstaklega.

Það hefur gengið erfiðlega í vetur/sumar að ráða inn í lausar stöður. Mikið hefur verið auglýst eftir leikskólakennurum/ starfsmönnum á leikskóla. Þetta er staða sem ekki hefur komið upp áður og vert að skoða hvað veldur. Núna þegar þetta er ritað hefur loksins tekist að manna leikskólann þannig að hann er nú starfshæfur eftir sumarleyfi.

Á næsta skólaári bíða ný og spennandi verkefni að takast á við, stilla saman góðum og öflugum starfsmannahóp sem er tilbúinn að fylgja eftir starfi og stefnu leikskólans með gleðina að leiðarljósi.



ársskýrsla 2016- 2017

Ísafirði 11.07.2018,

Helga Björk Jóhannsdóttir leikskólastjóri.